

auglýsingar þessar með bréfi 3. þ. m. gat hún þess, að þó efni þeirra væri almenns eðlis ættu þær samt ekki að gilda á Íslandi, og sama væri um auglýsingar þær, sem hér eptir kynnu að koma út, til að innkalla ríkisskuldabréf, til þess þeim yrði skipt; þess vegna beri eigi að álíta þau skuldabréf, sem á Íslandi séu, sem innkölluð, og verði því greiddir vextir af þeim úr jarðabókarsjóði Íslands öldungis á sama hátt og að undanfögnu, þó að skuldabréf, sömu tegundar og þau, kynnu að vera innkölluð með slíkri auglýsingu til þess þeim yrði skipt fyrir önnur, og þar að auki væri á kveðið, að vextir ekki yrðu greiddir af þeim frá þeim tíma, er fjárhagsstjórnin hefði til tekið.

1860.
12. maí.

Þetta sé yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til nauðsynlegrar auglýsingar.

22. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um móttþróa móti gjaldi til jafnaðarsjóðsins¹. 26. maí.

Þér hafið, herra amtmaður, í bréfi til dómsmálastjórnarinnar 10. febrúarm. þ. á., skýrt frá, hvað fram hafi farið á manntalsþingum í vesturumdæminu tvö undanfarin ár, þá er krafizt hefir verið gjalds þess, er greiða skal til jafnaðarsjóðsins.

Af skýrslu yðar og skjölum þeim, er henni fylgdu, sést, að til þess að jafnaðarsjóður vesturumdæmisins gæti svarað þeim hinum talsverðu gjöldum, er hann átti að greiða tvö hin umræddu ár, og sem einkum höfðu aukizt mjög af því, að eptir bréfi dómsmálastjórnarinnar 11. maímánaðar 1858 og fjáruka-lögunum 29. desembermánaðar 1857 var á kveðið, að það 2478 rdl. lán, er jafnaðarsjóðurinn hafði fengið úr jarðabókarsjóðnum til þess að standast kostnað af Hvítárverðinum gegn fjárláðanum árið 1857, skyldi endurgoldið innan tveggja ára — þá hafið þér, með ráði nokkurra manna, er kunnugir voru hvernig á stóð, á kveðið 10 skildinga gjald af hverju gjaldskyldu lausa-

1) sbr. «Íslendinga» Nr. 16, 8. Novbr. 1860.

1860.
26. maí.

fjórhundraði í umdæminu til jafnaðarsjóðsins árið 1858, og að íbúar amtsins hvervetna hafa greitt það af hendi mótmælalaust, þó það væri helmingi meira en árin þar á undan, nema í 3 hinum austustu hreppum Barðastrandarsýslu, Geiradals, Reykhóla og Gufudals hreppum, en í þessum þrem sveitum neituðu menn að gjalda nema 6 skildinga af hverju lausafjórhundraði, og báru það fyrir, að þeir þekktu engin þau lög, er heimiluðu amt-
manni að verja nokkru af tekjum jafnaðarsjóðsins til þess að greiða kostnað þann, er leiddi af verði þeim, er áður er nefndur, en hinsvegar hafa þeir, eptir því sem sýslumaður skýrir frá, sagt, að þeir væri fúsir til að greiða seinna meir þá 4 skildinga af hverju lausafjórhundraði, er á vantaði, þegar stjórnin skipaði svo fyrir, að gjalda skyldi kostnað þenna úr jafnaðarsjóði vestur-
umdæmisins.

Af skýrslu yðar sést enn fremur, að þér hafið ekki fyrri en 13. októberm. 1858 fengið bréf Thoroddsens sýslumanns, sem dagsett var 2. septemberm. þar á undan, þar sem hann skýrir frá, hvað gjörzt hafi í þessu efni á manntalsþingum það ár í hreppum þeim, er áður voru nefndir; að þér 16. októbermánaðar þá um haustið hafið skipað honum að taka lögtaki það, sem eptir var ógoldið í þeim 3 hreppum, er mótljóðann sýndu, en að hann þrátt fyrir skipun yðar lét það ógjört, og jafnvel svaraði ekki bréfi yðar fyrri en að 14 mánuðum liðnum eður 20. desembermánaðar 1859. Af þessu hirðuleysi sýslumannsins í framkvæmdum á skipun þeirri, er fyrir hann var lögð, hefir því leitt, að hinar útistandandi skuldir hjá gjaldendum eru enn ógoldnar, og hefir hann ekki getað annað fyrir sig borið sér til afsökunar en það, að hann hafi gjört sér von um, að gjaldendur mundu fást til með góðu að greiða það, er á vantaði tollinn.

Eptirdæmi það, er þrír hinir fyrnefndu hreppar höfðu gefið árið 1858, og sem komst vítalaut af fyrir undandrätt sýslumannsins, hefir ásamt með æsingum eins hreppstjóra eptir ætlan yðar komið því til leiðar, að þá er þér árið 1859 lögðuð 12 skildinga gjald á hvert lausafjórhundrað til jafnaðarsjóðsins, hafa ekki einungis íbúar hinna sömu hreppa í Barðastrandarsýslu, heldur einnig margir aðrir gjaldþegnar í Dala- Ísafjarðar-

1860.
26. maí.

og Stranda sýslum — og jafnvel meiri hluti manna í tveim hinum síðast nefndu sýslum — neitað að greiða meira en 6 skilinga af hverju lausaffárhundraði, og mikill þorri þeirra hefir jafnvel haft þá ofdirfð í frammi, að bera fram á manntalsþingum skriflegt skjal, og í því leitt rök að og lýst yfir, að þeir ætluðu ekki að hlýða boði amtmannsins, og bæði tekið það fram aptur, er hinir þrír hrepparnir í Barðastrandar sýslu höfðu sagt árið áður, að antið ætti ekkert með að verja efnunum jafnaðarsjóðsins til að gjalda kostnað Hvítárvarðarins, og þar að auki byggt neitun sína um það, að greiða gjaldið að fullu, á þeirri ástæðu, að þeir fengju enga vitneskju um, til hvers gjöld þau, er þannig væru árlega heimtuð af þeim, væru höfð, og að eptir réttum skilningi íslenzkra laga yrði engir skattar á þá lagðir, nema því að eins alþingi hefði áður sagt þar að lútandi álit sitt.

Nú er dómsmálastjórnin, samkvæmt uppástúngu yðar, skal láta í ljósi álit sitt um það, hvort þér hafið haft rétt og heimild til þess að jafna þannig niður gjaldi til jafnaðarsjóðsins á íbúa vesturumdæmisins, eins og þér hafið gjört árin 1858 og 1859, eður ekki, þá verður því ekki svarað öðruvísi en svo, að þér hafið haft hinn fyllsta rétt til þess að jafna gjaldi því, sem hér er um rætt, á amtsbúa; því eptir lögum þeim, sem nú gilda, eruð þér í þessu efni hið eina og rétta yfirvald, er því máli eigið að ráða, og almenningi getur ekki verið ókunnugt um, að það er með öllu ástæðulaust að krefjast þess, að alþingi eður gjaldþegnar í umdæminu eigi hina minnstu heimting á að hafa hönd í bagga með, þá er upphæð gjalds þessa er ákveðin. Eins ljóst er og hitt, að þér hafið haft fulla heimild til að fara þannig að, sem þér hafið gjört; því að öðrum kosti hefði jafnaðarsjóður umdæmisins ekki verið fær um að greiða í tæka tíð skuld sína til jarðabókarsjóðsins, og þar að auki standast kostnað þann, er að öðru leyti hvíldi á honum.

Þar sem það því næst optar en í eitt skipti hefir verið tekið fram í máli þessu, að amtmaður ekki hafi haft heimild til að verja neinu af efnunum jafnaðarsjóðsins til þess að gjalda kostnað þann, er leiddi af kláðaverðinum 1857 við umdæmamótin, þá er slíkt einnig með öllu ástæðulaust; því ráðstöfun sú,

1860.
26. maí.

sem hér er um rætt, var eptir tillögum amtmanns við stjórnina og með hennar samþykki gjörð í þarfir alls umdæmisins, og kostnaður sá, sem þar af leiddi, hlýtur því að snerta allt umdæmið sem eina heild, og hlýtur því einmitt að leggjast á jafnaðarsjóð umdæmisins. Þessu var einnig fullkomlega játað af þeim hinum þjóðkjörnu mönnum úr hverri sýslu vesturumdæmisins, er vorið 1858 áttu fund með sér í Stykkishólmi til þess að ráðgast um varnir gegn útbreiðslu fjárkláðans í vesturumdæminu, og er þetta með berum orðum tekið fram í þegnlegu skjali fundar þessa, er hann sendi stjórninni 21. aprílm. 1858.

Að síðustu hafa gjaldþegnarnir barið því við, sem ástæðu fyrir undanfærslu sinni með að greiða gjald það, er á þá var jafnað, að þeir enga vitneskju fái um, til hvers varið sé fé því, er þannig sé af þeim heimtað. En í því efni skal þess getið, að gjaldendum hvergi í lögum er veitt heimild til að rannsaka, til hvers gjaldinu sé varið, áður en þeir greiða það; en á hinn bóginn á hver og einn kost á því, að snúa sér til amtmannsins og á þann hátt fá þær upplýsingar í þessu efni, er með þarf; slíkar upplýsingar fást og í fréttablöðunum, því í þeim eru ágrip af reikningum jafnaðarsjóðsins við og við auglýst. Annars eru reikningar þessir rannsakadir í skrifstofum dómsmálastjórnarinnar, og eptir því sem sveitastjórnarlög nú eru á Íslandi eru þeir ekki háðir neinu öðru eptirliti og allra sízt nokkru eptirliti af hálfu gjaldþegnanna.

Með því það þannig er laust við allan efa, að þær hafið haft fulla heimild til að ákveða gjaldið til jafnaðarsjóðsins árin 1858 og 1859 eins og þær hafið gjört, þá leiðir af því, að þeir af íbúum umdæmisins, sem neitað hafa að greiða hið niðurjafnaða gjald að fullu, hafa brotið gegn lögum og landstjórn, og þeir af mótþróamannaflokki þessum, sem svo langt hafa farið, að þeir jafnvel á manntalsþingum hafa lýst því yfir, að þeir vildu ekki hlýðnast fyrirskipunum amtsins, hafa gjört svo stórvægileg réttarspjöll, að ástæða er til að höfða sök á hendur þeim af réttvísinnar hálfu, og geta þeir þá ekki komizt hjá að verða dæmdir til að sæta mjög þungri hegningu. En að stjórnin nú samt sem

1860.

26. maí.

áður ekki lætur höfða mál móti mönnum þessum, þá er það fyrir þá sök, að aðferð þeirra virðist lýsa því, að þeim hafi ekki verið fullljóst hvers kyns yfirsjón það var, sem þeir drýgðu, og fyrir þá sök, að álíta má þá afvegaleidda til óhlýðni gegn vald- stjórninni, bæði af dæmi hinna þriggja hreppa í Barðastrandarsýslu árið 1858, og af fortölum og æsingum Indriða hreppstjóra Gíslasonar; en vitaskuld er, að tafarlaust skal nú taka lögtaki það, sem ógoldið er af tollinum hjá þeim, sem þrjúskazt hafa að gjalda hann, ef þeir greiða það ekki þegar í stað, eptir að búið er að birta þeim þenna úrskurð stjórnarinnar. Hitt er og sjálf- sagt, að hlífð sú, er þeim er nú sýnd, ekki getur orðið þeim til málsbóta, er annaðhvort að nýju gjöra sig seinna meir seka í líku athæfi, ellegar á nokkurn hátt leggja tálmanir í veg fyrir yfirvaldið, þegar það á að heimta saman þetta skuldagjald.

Um leið og dómsmálastjórnin birtir yður þetta, sjálfum yður til leiðbeiningar og til auglýsingar íbúum umdæmis þess, sem þér eruð yfir skipaðir, verður þess að geta, að þareð skýrslur sýslu- mannanna í Barðastrandar- og Strandasýslum bera með sér, að nokkrir hreppstjórar hafi sumpart með framgöngu sinni stutt að því að efla mótþróa þann, er hreppsændurnir sýndu, sum- part jafnvel fyrir rétti neitað, að þeir vildu taka lögtaki tolla þá, er ógoldnir voru, þá þykir full ástæða til að víkja hrepp- stjórum þessum frá völdum, sem og öðrum hreppstjórum, er ratað hafa í líkar yfirsjóunir, og hlýtur stjórnin að fela yður á hendur, herra amtmaður, að haga því á þann hátt, er bezt þykir við eiga, eptir því sem á stendur, með því það má virðast nauð- syn, til þess að lög og landstjórn geti staðizt, að þola engan mótþróa í máli þessu, sem yfirvöldin því miður hafa þegar tekið of linlega í. En hvað sem um annað er að ræða, þá skal taf- arlaust setja af völdum hreppstjóran í Saurbæjar hrepp í Dala sýslu, Indriða Gíslason, og hefði það átt að vera gjört fyrir löngu síðan; og þareð það enn fremur sèst af skýrslu yðar, að maður þessi hefir litlu fyrir manntalsþing í Dala sýslu árið sem leið ferðazt um sýsluna, kallað bændur á fundi og æst þá þar til þess að neita að greiða meira en helming af toll-

1860. gjaldi því, er á þá var lagt, þá eigið þér að láta taka próf
26. maí. um þessa breytni hans, senda síðan stjórninni eptirrit af prófinu,
og leiðbeina því með þeim athugasemdum, sem yður þykir
við þurfa —

26. maí. **23. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir
vesturumdæminu, um arfleðslu hórgetins barns.**

Með bréfi 6. marzm. þ. á. hafð þér, herra amtmaður, sent
hingað bænarskrá frá Katli bónda Ketilssyni á Seljum í Snæfells-
nes sýslu, og biður hann þar um konunglega staðfestingu á
erfðaskrá, er hann hafði samið 26. septemberm. f. á., til þess
að arfleða hórgetna dóttur sína, Ágústínu Abizay.

Um þetta efni sè yður það til vitundar gefið, sjálfum yður
til leiðbeiningar og auglýsingar fyrir beiðanda, að þareð arfleðsla
sú, sem hér er um rætt, er bundin við þann skilmála, að ekki
sèu lífserfingjar eptir arfleðanda látinn, er staðfesting sú, sem
um er beðið óþörf, samkvæmt tilsk. 25. septemberm. 1850 20. gr.

29. maí. **24. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir
norður- og austurumdæminu, viðvikjandi klögun
Jónasar bónda Bjarnasonar á Rófu, um aðferð
þá, er höfð var í frammi við hann í fjárkláðamálinu.**

Eptir að dómsmálastjórnin hefir fengið álitsskjal yðar, herra
amtmaður, dagsett 7. dag febrúarm. þ. á., viðvikjandi umkvörtun
Jónasar bónda Bjarnasonar á Rófu í Húnavatnssýslu, um aðferð
þá, er höfð var í frammi við hann í fjárkláðamálinu af hálfu
yfirvaldanna, skal yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til
leiðbeiningar og til auglýsingar þeim, er hlut á að máli, að
stjórnin sèr ekki kost á að styrkja hann til að ná neinum bót-
um í þessu tilliti, en verður að láta hann sjálfan um það, hvort